

Frá námsráðgjafa vegna prófa – sent 7.apríl 2021

Kæri MH-ingur Nú nálgast lokapróf vorannar, mánudagur 3. maí er fyrsti prófdagur og verða prófin tekin í MH. Við hvetjum ykkur til þess að halda góðu skipulagi á próftíma, huga að góðum nætursvefni, hreyfingu og hollu mataræði. Ef þið þarfnist aðstoðar við skipulag er ykkur velkomið að hafa samband við námsráðgjafa. Alltaf eru einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði í prófum og sækja þarf um þau til námsráðgjafa. Til að eiga rétt á sérúrræði þarf að liggja fyrir greining frá viðurkenndum fagaðila. Nemendur þurfa að heyra í námsráðgjafa og ræða við hann um það sem í boði er en helstu úrræði eru upplesin próf, lituð prófblöð og fámennara prófumhverfi. Athugið að ekki þarf að sækja sérstaklega um lengdan próftíma þar sem öllum nemendum stendur til boða 50% lengri tími en uppgefinn próftími. Sem dæmi, ef próf er klukkutími fá nemendur hálf tíma aukalega til að ljúka prófi.

Gangi ykkur vel, kv náms- og starfsráðgjafar

Ásdís, asdisbirgis@mh.is sími 595 5214

Ásthildur, asthildur@mh.is sími 595 5213

Fríður, fridur@mh.is sími 595 5215